

Stjórnarfundur LH 24. júní 2005

6. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Guðný Ívarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn og samþykkt án athugasemda..

2. Landsliðsmál

Undirbúningur fyrir HM gengur vel. Fundur með knöpum gekk mjög vel, þeir eru jákvæðir og söfnun fer af stað. Stuðningsaðilar hafa komið vel til móts við hugmyndir LH og fjárhagsafkoma HM virðist trygg.

3. Skógarhólar

Guðný, Halldór, María og Rafn Jónsson fóru á fund með framkvæmdastjóra þjóðgarðsins. Fundurinn var jákvæður og menn sammála um að reyna að halda svipuðum rekstri áfram, eftir að samningu milli LH og Þingvallanefnd rennur út. Guðný ætlar að vinna rammaáætlun fyrir Skógarhóla til framtíðar. Lögð verður áhersla á að reksturinn standi undir sér.

4. Youth CAMP

Undirbúningur hefur gengið vel í alla staði og æskulýðsnefnd LH unnið frábært starf. Þátttakendur verða 55 en auk þess koma 6 fullorðnir með hópnum erlendis frá. Það eina sem stendur út af í undirbúningnum er að útvega nógu marga hesta. Stjórnarmenn eru beðnir um að athuga með hestalan þar sem þeir þekkja til. Youth CAMP stendur dagana 15.-22. júlí og öll aðstoð stjórnar væri vel þeginn.

5. Skipulagsmál

Haraldur fór yfir fund með Bjarna Jónssyni. Bjarni óskar eftir því að stjórnarmenn velti punktunum frá skipulagsdeginum fyrir sér og vinni áfram með þær hugmyndir sem þar koma fram. Stjórnarmenn velji sér verkefni til að þróa áfram. Hafa síðan framhaldsfund stjórnar um málið fyrir formannafund.

6. Skráning reiðleiða

Komið hefur í ljós að þau gögn sem bárust Landmælingum á síðasta ári eru í flestum tilvikum ekki fullnægjandi. Ef ekki verður breyting á, er hætt við að Landmælingar gefist upp á verkefninu. Rætt um að hugsanlega þurfi að þrengja hópinn sem tekur punkta og greiða einhverja þóknun fyrir. Nauðsynlegt að vista kortlagðar reiðleiðir hjá LH fyrir félagsmenn svo þeir geti vistað niður punkta í GPS tæki sín. LH hefur keypt tölvu og gagnagrunna til verkefnisins. Nauðsynlegt er að afla fjár til þess að ráða starfsmann í 1-2 ár sem sinnir þessu verkefni og reiðvegamálum eingöngu.

7. Önnur mál:

- a. Tekið fyrir bréf frá formanni keppnisnefndar ásamt kostnaðar sundurliðun vegna upptöku á FIPO. Kostnaður hefur farið langt fram úr öllum áætlunum ef tillit er tekið til þóknunar nefndarmanna. Stjórn felur formanni að ganga frá málunni við formann keppnisnefndar án þess þó að stjórn sé að viðurkenna að greiðslur skuli koma til fyrir nefndarsetu almennt.

- b. Stjórn ákvað að láta útbúa boli fyrir allar starfsnefndir LH, sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf.
- c. Jón Albert sagði frá því að forseti FEIF hafi farið þess á leit við sig að hann tæki sæti í stjórn FEIF. Jón hefur samþykkt það að því uppfylltu að stjórn LH standi á bak við hann hvað varðar kostnað við ferðir og vinnuástöðu milli funda. Stjórn LH lýsir eindregnum stuðningi við þessa hugmynd.
- d. Fundur með úrvinnslusjóði. Sorpa hefur ákveðið að loka fyrir móttöku á rúlluplasti þar sem plastið er ekki nógu vel flokkað. LH þarf að koma á fundi með hestamannafélögunum um að koma skikki á þessi mál.
- e. Fundur með Jakobi Þór frá vélhjólaklúbbi Vík. Jón Albert og Sigríður Sigþórsdóttir sátu fundinn og kom lítið út úr honum annað en að það virðist miklar ranghugmyndir hjá vélhjólamönnum um það hvernig reiðvegir eru til komnir. Halldór og Þóra Ásgeirsdóttir fóru á fund með umhverfisráði Reykjavíkurborgar sem upplýsti nokkuð um málið og þau vandamál sem þessu sporti fylgir. Jón Albert og Halldór haldi áfram með málið með reiðveganefnd. Senda þarf bréf til samgönguráðherra um öryggismál á reiðvegum.
- f. Ímyndarmál. Jón Albert hafði samband við Gísla B. Björnsson vegna slagorða fyrir LH. Stjórnin vill að haldkið sé áfram með málið.
- g. Bréf varðandi fagrád. Lagt fram uppkast að bréfi til stjórnar BÍ. Þarf að vinna það vel og koma sjónarmiðum LH á framfæri við Bændasamtökin.
- h. Að gefnu tilefni óskar stjórn LH eftir því við fulltrúa sinn í síðasta Átaki í hestamennsku 2000 – 2005 að við fáum greinargerð um lok verkefnisins og sundurliðaða reikninga. Einnig gera grein fyrir 2 milljón króna styrki sem LH var veittur í skráningu reiðleiða en var aldrei greiddur.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*